

barnalífeyri vegna drengsins frá 1. sept. 1949 til 16 ára aldurs hans. Verður því ekki talið, að stefnandi geti krafist stefnda um meðlag fyrir þann tíma. Með vísan til þessa ber stefnda að greiða stefnanda meðlög fyrir tímabilið frá 1. janúar 1949 til 1. sept. s. á. eða kr. 1.200,00, og skiptir ekki hér máli, þótt stefndi hafi boðizt til að taka drenginn til sín, enda ósannað, að hann hafi gert það fyrr en í nóvembermánuði s. á.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða kr. 1.200,00 með vöxtum svo sem krafizt er og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Björn Benjamínsson, greiði stefnanda, yfirfjóraráðandanum í Gullbringu- og Kjósarsýslu f. h. dánarbús Þóru Helgadóttur, kr. 1.200,00 með 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 450,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. júní 1954.

Kærumálið nr. 13/1954.

Ákærvaldið (Theodór B. Lindal)

gegn

Kristjáni Hans Jónssyni (Einar Arnórsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramar Hæstaréttar.

Ákærvaldið. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, settur lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Ákærði kærði til Hæstaréttar 24. maí þ. á. úrskurð saka-dóms Keflavíkurflugvallar, upp kveðinn sama dag, og veitti utanríkisráðherra samþykki til kærunnar hinn 8. júní þ. á. með tilvísan til 124. gr. laga nr. 27/1951. Hæstiréttur skipaði sækjanda og verjanda í málinu, og var það flutt munnlega í Hæstarétti hinn 23. þ. m.

Af hendi ákærða hefur þess verið krafizt, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, sökum þess að utanríkisráðherra, sem

ákveðið hefur málshöfðun á hendur ákærða, fari ekki með ákærvald að lögum, heldur beri það undir dómsmálaráðherra.

Samkvæmt úrskurði forseta nr. 58/1953 bera dómsmál almennt undir Bjarna Benediktsson ráðherra.

Ákvæði laga nr. 27/1951 verða eigi skilin á annan veg en þann, að einn og sami dómsmálaráðherra fari með ákærvaldið í landinu á hverjum tíma, svo sem tíðkæzt hefur og eðli máls er samkvæmt. Á þessari skipun verður ekki gerð breyting nema með lögum, er greini skýrt, hvernig ákærvaldinu skuli skipt milli ráðherra. Bráðabirgðalög nr. 1/1954, um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, og lög nr. 33/1954, um sama efni, geyma ekki heimild handa utanríkisráðherra til að fara með ákærvald, þótt frá því sé skýrt í athugasemdum við frumvarp til hinna síðargreindu laga, að utanríkisráðherra hafi tekið við afgreiðslu dómsmála á Keflavíkurflugvelli frá síðustu áramótum.

Með forsetaúrskurði verður ekki gerð breyting á gildandi lögum um það, að einn og hinn sami dómsmálaráðherra fari með ákærvaldið á hverjum tíma.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, brast utanríkisráðherra heimild til að samþykkja kæru á máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt niðurlagsákveði 124. gr. laga nr. 27/1951, og ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Allan kostnað af kærumáli þessu ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun hdl. Guðlaugs Einarssonar, sem annaðist kærana til Hæstaréttar, kr. 500,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Ríkissjóður greiði allan kærumálskostnað málsins, þar með talin málflutningslaun hdl. Guðlaugs Einarssonar, kr. 500,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, Theodórs B. Línalds og Einars Arnórssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1.500,00 til hvors.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 24. maí 1954.

Mál þetta átti að dómtaka 9. marz sl., en er skipaður verjandi ákærða, Guðlaugur Einarsson, lagði fram skriflega vörn í málinu, krafðist hann sýknu fyrir ákærða, þar eð hann telur vera um að ræða aðildarskort hjá ákæruvaldinu í máli þessu. Verjandi ákærða telur mál þetta höfðað af varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, en að deild þessi fari ekki með neitt ákæruvald og sé því mála-tilbúnaðurinn lögleysa.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins 8. febrúar 1954, gegn Kristjáni Hans Jónssyni rennismið, Leifsgötu 5, Reykjavík, nú starfandi hjá varnarliðinu, Keflavíkurflugvelli, fyrir brot á umferðar-, bifreiða- og áfengislögum, skv. 1. mgr. 21. greinar áfengislaga, nr. 33 frá 1935, 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 23. greinar bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, 4. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, og 18. gr. áfengislaga, nr. 33 frá 1935, með því að hafa hinn 15. marz 1953 ekið bifreiðinni VL. 257 undir áhrifum áfengis með þeim afleiðingum, að bifreiðin fór út af veginum og hvolfdi, 2) ekið bifreiðinni í fyrrgreint skipti án þess að hafa ökuleyfi, enn fremur fyrir að hafa ekið bifreið hjá Metcalfe Hamilton Smith Beck-félögunum á Keflavíkurflugvelli öðru hverju, áður en hann fékk ökuréttindi, 3) hinn 12. september 1953 kl. 02.30 verið áberandi ölvaður með ýmis drykkjulæti fyrir utan Apótek Keflavíkur; til vara skv. 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, fyrir að hafa ekið bifreiðinni haldinn slíku svefnleysi, þreytu og sljóleika, að hann gat eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni.

Ákærist nefndur Kristján Hans Jónsson til refsingar skv. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, 14. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, 38. gr. áfengislaga, nr. 33 frá 1935, til sviptingar ökuleyfis skv. 39. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. apríl 1927 í Reykjavík.

Hann hefur sætt eftirfarandi ákærum og refsingum:

- 1937 11/5 Kærður fyrir þjófnað á járn og kopar. Málið sent barnaverndarnefnd til meðferðar.
- 1938 24/10 Kærður fyrir rúðubrot, afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1938 3/2 Kærður fyrir þjófnað, afgreitt á sama hátt.
- 1938 5 og 6/2 Kærður enn fyrir þjófnað, og málið hlaut sams konar afgreiðslu.
- 1939 29/11 Kærður fyrir brot á ljósakúlu, hlaut sömu afgreiðslu.
- 1940 13/2 Kærður fyrir ofbeldi og árás, hlaut enn sömu afgreiðslu.
- 1943 28/9 Kærður fyrir þjófnað, málssókn felld niður, en ákærður settur undir eftirlit í 2 ár.

- 1944 29/3 Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur.
- 1944 28/8 50 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 4. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur.
- 1945 1/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri, 2. júlí sama ár 50 króna sekt fyrir sams konar brot, 14. okt. sama ár kærður fyrir ölvun og ryskingar á lokuðum dansleik, lofaði greiðslu á skaðabótum, kr. 75,00, og enn 30. nóvember sama ár 50 króna sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
- 1946 28/12 Sátt í Hafnarfirði, 75 króna sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
- 1947 17/4 Sátt í Reykjavík, 40 króna sekt fyrir ölvun á almannaþæri, og 16. okt. sama ár, 125 króna sekt fyrir sama.
- 1950 23/7 Sátt í Reykjavík, 75 króna sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
- 1951 7/3 Kærður fyrir ölvun, en fellt niður. 19. og 29. ágúst, 75 og 100 króna sekt fyrir sams konar brot.
- 1952 7/3 Kærður fyrir tilraun til innbrots í bifreið, en saksókn felld niður.
- 1953 17/8 Sátt, 75 króna sekt fyrir ölvun á almannaþæri.

Að öðru leyti hefur ákærður ekki sætt kærnum og refsingum, svo að vitað sé.

Áður en dómur að efni til væri lagður á mál þetta, þurfti að kveða á með úrskurði um formshlið málsins, og leit dómariinn svo á, að hér væri skv. eðli málsins um tilvik að ræða skv. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 27 frá 1951, um meðferð opinberra mála. Var ráðherra því gefinn kostur á að tjá sig um málið skv. áður tilvitnaðri lagagrein.

Svar ráðherra hefur horizt með bréfi utanríkisráðuneytisins, — varnarmáladeildar —, dags. 1. f. m., og er þar talið, að ákærvaldið varðandi mál þetta sé í höndum dr. Kristins Guðmundssonar sem dómsmálaráðherra, sbr. forsetaúrskurð um skipan og skipting starfa ráðherra frá 11. september 1953.

Verjandi ákærðs hefur haldið fram, að í tilvitnaðri auglýsingu sé ekki minnt á, að téður ráðherra, þó að hann fari með framkvæmd varnarsamningsins, fari með dómsmál eða ákærvald, og hljóti því mál þessi að vera í höndum dómsmálaráðherra. Verjandi ákærðs telur og, að það mundi hafa verið lögleysa að láta slíka auglýsingu breyta lagaákvæðum, settum eftir lögformlegum reglum, þótt minnt hefði verið á í auglýsingunni, að títtnefndur ráðherra ætti að fara með dóms- og ákærvald gegn hópi landsmanna, er býr á tilteknu svæði landsins, og litið svo á af verjanda ákærðs, að óheimilt sé að skipta ákærvaldinu milli ráðherra.

Í stjórnarskrá lýðveldisins frá 17. júní 1944, 15. grein, er svo ákveðið, að forseti skipi ráðherra og skipti störfum með þeim. Samkvæmt þessu er áðurnefnd auglýsing, nr. 58 frá 11. september 1953, gerð.

Þar er ákveðið, að dr. Kristinn Guðmundsson utanríkisráðherra fari með framkvæmd varnarsamningsins á Keflavíkflugvelli, þ. á m. lögreglumál, tollamál, flugmál, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu. Af auglýsingu þessari er ljóst, að ekki eru taldir upp allir málaflokkar, er leiðir af framkvæmd varnarsamningsins og dvöl hins erlenda varnarliðs hér. Lítur dómurinn svo á, að þar sem títtnefndur ráðherra fari með lögreglumál, verði að skoða það í víðtækustu merkingu, þannig að hann fari með dómsmál og ákærvald í þeim málum, er snertir varnarliðsmenn og þá aðra, er vegna framkvæmda varnarsamningsins dveljast á varnarsvæðinu eða brjóta af sér þar, en þar undir fellur ákærður.

Dómurinn telur skv. 15. gr. stjórnarskrárinnar löglegt að skipta ákæru- og dómsvaldi milli ráðherra. Þó að svo sé ákveðið í 20. gr. laga nr. 27 frá 1951, um meðferð opinberra mála, að dómsmálaráðherra fari með ákærvald, breytir slíkt almennt lagaákvæði ekki stjórnskipunarlögum.

Dómurinn telur málið því réttilega höfðað af hendi ákærvaldsins, að dr. Kristinn Guðmundsson sé dómsmálaráðherra í þessu máli, og er ákæruskjalið gefið út í varnarmáladeild ráðuneytis hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður varðandi úrskurð þennan falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu úrskurðar þessa vegna mjög mikilla embættisanna.

Því úrskurðast:

Ákærður, Kristján Hans Jónsson, skal ekki vera sýkn af kröf- um ákærvaldsins í máli þessu né skal málinu frá vísað vegna aðildarskorts ákærvaldsins.

Málskostnaður vegna úrskurðar þessa fellur niður.
